

VÍKINGAÖLD

KENNSLULEIÐBEININGAR



ÁRIN 800-1050

VÍKINGAÖLD 800–1050

© 2013 Höfundur námsefnis og ítarefnis Sigrún Helgadóttir

© 2013 Höfundur verkefna Sigrún Helgadóttir og Sigrún Björk Cortes

© 2013 Höfundur vinnubókar og vinnublaða Sigrún Björk Cortes

© 2013 Teikningar Freydís Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

1. útgáfa 2013

Námshagnastofnun, Kópavogur

Umbrot og útlit: Námshagnastofnun

UM BÓKINA

Markmið námsefnisins um víkingaöldina, það er tímann frá því um 800–1050, er að auka skilning, þekkingu og áhuga nemenda á þessu mikilvæga tímabili í sögu Norður-Evrópu. Í námsefninu er lögð áhersla á að draga fram samfélagið allt, uppruna þess, útbreiðslu og þróun, daglegt líf fólks, siði, viðhorf og trú og loks þau áhrif sem enn eru greinileg í Norður-Evrópu, og jafnvel víðar, og rekja má til þessa tíma.

Bókinni er skipt í sjö hluta og síðan hverjum hluta í nokkra kafla. Í ramma-greinum eru viðbætur, áherslur og verkefni. Bókin er ríkulega myndskreytt með teikningum, ljósmyndum og kortum til skýringar. Fjölmörg orð og orða-sambönd eru í bókinni sem gætu verið nemendum framandi. Mörg þeirra eru skýrð í textanum þar sem þau koma fyrir en einnig eru orðskýringar aftast í bókinni.

Mög mikið má finna um víkingaöldina á vefnum, t.d. vísindavefnum, og sjálf-sagt að leyfa nemendum að skoða það efni með því að slá inn viðeigandi leitarorð.

Aftast í kennsluleiðbeiningunum fylgja verkefni til útprintunar. Um er að ræða tvennskonar verkefni sem kennarar geta valið úr.

Vinnublöð

Hér er um að ræða átta vinnublöð þar sem eitt vinnublað fylgir hverjum kafla bókarinnar. Lausnir við vinnublöð er að finna á læstu svæði kennara.

Vinnubókarkorn

Hér er um að ræða vinnubók sem hægt er að prenta út. Kennarar geta valið hvort þeir prenta vinnubókina út í stærðinni A4 eða í stærðinni A5. Kenn-urum er bent á það að ef valin er stillingin booklet á prentaranum raðast bókin rétt upp en verður þannig til lítill bók í brotinu A5.

Merking orðsins víkingur hefur verið nokkuð á reiki á undanförunum árum. Erlendis er samstofna orð notað um allt norrænt fólk á víkingaöld og nokkuð hefur borið á slíkri notkun hérlendis, ekki síst innan ferðaþjónustunnar. Fullyrt er að Íslendingar séu afkomendur víkinga eða jafnvel sjálfir víkingar enn þann dag í dag. Á íslensku hefur hins vegar málhefðin lengst af verið sú að orðið víkingur er starfsheiti yfir þann sem fer í víking, er sjóræningi og ribbaldi sem lítill heiður er af að kenna sig við. Í námsefninu er hefðbundin málnotkun undirstrikuð og er það í samræmi við áherslur sagnfræðinga sem unnið hafa með þetta tímabil sögunnar.

FORNLEIFAR BLS. 3–7

Frásögnin af fundi „Fjallkonunnar“ er hugsuð sem kveikja en fundur hennar var ákaflega spennandi viðburður og mikið um hann fjallað á sínum tíma.

Umræður

Kennari getur rætt um ýmislegt við bekkinn í sambandi við fornleifafund sem þennan.

- Það getur hent alla, sem eru nægilega athugulir, að finna fornminjar, meira að segja dýrgripa frá víkingaöld.
- Þeir sem finna hluti sem gætu verið fornminjar verða að fara varlega með þá og fylgja ákveðnum reglum.
- Fornminjar geta gefið upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir alla þjóðina svo að þeir eru sameign hennar og skulu varðveitast í samræmi við það.
- Sérhæft fólk þarf til að grafa upp hlutina, meðhöndla þá, meta og greina.
- Niðurstöður vísindamanna gefa vísbendingar. Aldrei er hægt að vera alveg viss um hvernig aðstæður voru fyrir svo löngu og stundum er deilt um túlkun á niðurstöðum rannsókna.
- Rétt eins og aldrei er hægt að vita fyrir víst hvað er satt og rétt um Fjallkonuna er líka erfitt að túlka flest það sem gefur vísbendingar um líf og störf alls annars fólks á víkingaöld.
- Beinir og munirnir sem fundust í grjótinu eru meira en 1000 ára. Eftir 1000 ár – ef einhver fyndi lík uppi á heiði – ætli yrði jafn erfitt fyrir fólk sem þá lifir að túlka ýmislegt frá okkar tíma. Af hverju? Getum við verið viss?

Skeifan og geisladiskurinn. Skeifur hafa verið notaðar á Íslandi frá upphafi. Ef gömul skeifa finnst er líklega erfitt fyrir flesta sem ekki eru sérfræðingar að meta hve gömul hún er. Geisladiskar voru hins vegar ekki framleiddir fyrr en á síðari hluta 20. aldar.

Verkefni

- Víða á heimilum eru til gamlir munir. Hver nemandi kemur með einn hlut að heiman, gamlan eða nýjan, og segir frá honum. Hlutunum raðað eftir því hve gamlir þeir eru, ef það er vitað eða hægt að komast að því.
- Verkefnið dagsett jarðlög: http://vefir.nams.is/komdu/fjollin/vettvangur_fjoll/dagsett_jardlog.html
- Heimsókn á stað í nágrenninu þar sem fram fer, eða hefur farið fram, fornleifauppgröftur.
- Heimsókn á byggðasafn eða á Þjóðminjasafnið.

Vettvangsferð

Nemendur gerast fornleifafræðingar. Farið með þá á stað þar sem má róta svolítið og athuga hvort eitthvað skemmtilegt finnst. Kannski finnst ekki neitt merkilegt. Oftast er það þannig hjá fornleifafræðingum líka Kannski finnst fallegur steinn, vel slípaður glerbútur, gamall ópalpakki eða snærisspotti. Spennandi væri ef einhver græfi upp teskeið eða skóhæl. Allt markvert sem finnst er skráð í vettvangsbók og hugsanlega ljósmyndað. Ýmislegt líka tekið með til baka, t.d. það sem hægt er að hugsa sér að megi nýta til sögugerðar, til umræðu um notagildi nú eða áður fyrr eða sem skraut í stofuna.

- Útbúin vinnubók/vettvangsbók (einblöðungur) til að skrá undirbúning og skipulag vettvangsferðar, minnisatriði í ferðinni sjálfri, t.d. veður, lýsingu á staðnum, hvar hann er, hvernig hann snýr með tilliti til átta, aðstæður á staðnum (brekka, sléttlendi, mold, sandur, fjara) og það sem finnst og loks niðurstöður ferðarinnar. Skoða má í þessu samhengi myndir í bókum eða á netinu af alls kyns spennandi hlutum sem fundist hafa, bæði hér á landi og annars staðar og tengjast fornum háttum. Þetta þarf ekkert endilega allt að tengjast víkingaöld, markmiðið er að glæða áhuga og skilning á fornleifum sem slíkum og gildi þeirra.
- Kennari gæti einnig undirbúið vettvangsferð nemenda með því að grafa niður á staðnum sem áætlað er að heimsækja nokkra hluti; gamalt diskabrot, glerflösku, tölu/rennilás, krukkulok eða annað verðlaust efni. Þá þarf svæðið þar sem grafa á að vera vel og sýnilega afmarkað.
- Við svona vinnu þarf að gæta þess að ganga vel um og hluti af verkefninu er að reyna að fara frá staðnum eins og komið var að honum. Þannig vinna fornleifafræðingar líka.
- Myndataka í ferðinni, yfirlitsmynd af svæðinu og af þeim gripum sem finnast. Myndirnar má síðan nota þegar heim er komið til að skrásetja það sem ekki var tekið með eða skrifa út frá þeim skýrslu/frásögn/sögu um vettvangsferðina.

Fjallkonan – umræður og ljóð

- Nemendur lesa það efni sem finna má í tímaritum, bókum og á netinu um Fjallkonuna. Ræða síðan saman í hópum og reyna að svara spurningunum neðst í meginmáli á bls. 7. Er hægt að svara þeim óyggjandi?
- Konan sem fannst í grjótinu hátt í fjöllum er oft kölluð Fjallkonan. Það hugtak er þekkt á allt annan hátt. Þann 17. júní sumarið 2005 flutti fjallkonan á Austurvelli frumsamið ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur um Fjallkonuna fyrir austan. Hvað heldur Vilborg um Fjallkonuna, hver hún hafi verið og hvað hafi komið fyrir hana? Nemendur spreyta sig á að semja ljóð um Fjallkonuna í samræmi við það sem þeir álíta um hana.

Fjallkonan

I

Í þúsund ár
lá hún falin
í köldum faðmi fjallsins
fjarri almannaheið
konan unga
sem Seyðfirðingar fundu
uppi á Vestdalsheiði
í fyrra sumar.
Hver var hún?
Hvað var hún að vilja
einsömul
skartbúin
inni á Afrétt?
Var hún kannski á flóttu
komin úr firði Loðmundar gamla
yfir Afréttarskarð
að leita fars utan
frá Seyðisfirði
heim til Suðureyja?
Miklu heldur vísindakona
sem kunni á mörgu skil
þekkti jurtir og steina
safnaði lífgrösum og hjálparrotum
ferðaðist óttalaus
um landið
Aufúsugestur hvar sem hún kom
Læknir
Nærkona
Ljósmóðir
Hnífinn sinn oddhvassa og beitta
notaði hún
til að stinga á meinum
til að skilja á milli
til að grafa upp rætur

II

Við lækinn undir klettinum
ætlaði hún að æja stundarkorn
Hún bar hönd fyrir augu
skyggndist um
gáði að fuglum
þekkti þá flesta

ekki sömu tegundir og heima
heldur sömu fuglarnir
þeir flugu hingað út í stórum flokkum
á litlu vængjunum sínum
rétt eins og þau
sigldu yfir hafið í samfloti
byrþanin seglin eins og vængir
á víðum útsænum
fuglar og fólk
í óvissuferð
út í bláinn

III

Hér byggðu menn með lögum
gott land og fagurt.
Hún brosti við
þegar henni var hugsað til kvennanna
sem áhyggjufullar
tróðu út skjóður sínar
með fræjum og græðlingum
jafnvel mold
allt fannst það hér
þarna niðri á hálsinum
ofan við lönguhlíðina
í lómatjörninni
vex reiðingsgrasið
þráðbeinir blómleggirnir teygja sig
upp úr álfakólfunum
með ilmandi klösum
af fimmgeislastjörnum
Hún bjó sig til að halda áfram
þá kvað við brestur
fjallið gliðnaði sundur
og umlukti hana
sterkum örnum

IV

Þúsund ár sem dagur
Fjallið hefur opnað sig
Frjáls og hnarreist
stendur hún
undir Sandhólatindi
fjallkonan okkar.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Fjallkonan – Hringekja

Eftirfarandi verkefni um Fjallkonuna mætti setja upp í hringekju eða á stöðvum, leyfa nemendum að velja um eða vinna á bekkjargrundvelli, allt eftir því hversu löngum tíma á að verja í þau:

- **Skrifa sögu** Fjallkonunnar. Bekkurinn saman eða í smærri hópum. Hver var hún? Hvaðan var hún að koma? Hvert var hún að fara og hvers vegna? Var hún ein á ferð? Villtist hún? Var hún skilin eftir (varð sundurorða við samferðafólk sitt)? Var þoka eða vont vetrarveður? Veiktist hún skyndilega eða fótbrotnaði? Hvernig leið henni? Var hún hrædd, var henni kalt? Sá hún tröll? Hitti hún huldufólk? Fór einhver að leita? Hvernig leið fólkinu hennar? Voru þau hrædd um hana eða vissi enginn að hún væri týnd? Átti hún kannski enga fjölskyldu í nágrenninu? Unnið með textann sem er í bókinni en hann dýpkaður aðeins. Leggja áherslu á uppbyggingu sögu; upphaf-miðju-endi.
- **Setja upp leikþátt um Fjallkonuna**, fyrir 2–3 leikara. Leikþáttur saminn upp úr sögunni út frá verkefninu hér að ofan eða – leikþátturinn er sjálfstæð vinna byggð á sömu spurningum.
- **Setja upp leikþátt um fund Fjallkonunnar**, fyrir 4–5 leikara. Þá eru það mennirnir tveir sem fundu nælurnar, fornmunavörður, fornleifafræðingar, vísindamenn og hugsanlega einhverjir fleiri sem koma við sögu. Hafa „fornleifar“ við höndina, jafnvel heimatilbúnar.
- **Gera klippimynd af Fjallkonunni**, byggða t.d. á myndinni á bls. 7 í bókinni.
- **Gera teiknimyndasögu um Fjallkonuna**. Hér þarf einnig að leggja áherslu á uppbyggingu sögu; upphaf-miðju-endi. Hugsanablöðrur með tilfinningum, óskum, ofskynjunum, hugsunum ... Skýr framvinda, hvað leiðir til dauða Fjallkonunnar? Myndasagan gæti líka snúist um fornleifafundinn frekar en Fjallkonuna sjálfa.
- **Semja ljóð um síðustu hugsanir Fjallkonunnar** og myndskreyta. Gefa upp ákveðin orð sem þurfa að koma fyrir í ljóðinu. Ákveða fyrirfram hvort það á að vera rímað eða órímað, stuðlað, ferskeytlur, þula ... allt eftir því hvað nemendur hafa lært um ljóð og í ljóðagerð.
- **Unnið úr Eiríks sögu rauða**. Kennari les upp útdrátt úr 3. og 4. kafla sögunnar áður en vinnan hefst og leiðir umræður um hlutverk völunnar, tengsl við samtíðina (stjörnuspár, spákonur, trú/vantrú á slíka hluti), spyr spurninga o.fl. Í kaflanum kemur t.d. vel fram óbeit kristinna manna á völvunum og vinnu þeirra. Hvers vegna ætli bara hafi verið eftir ein völvu af 10 systur? Nemendur teikna völvuna samkvæmt lýsingu og e.t.v. aðstæður eins og þeim er lýst.

Nokkur atriði úr 3. og 4. kafla Eiríks sögu rauða

<http://www.snerpa.is/net/isl/eirik.htm>

Sagan segir frá Þorbirni, stórbónda á Íslandi. Hann var vinur Eiríks rauða sem fyrstur Íslendinga flutti til Grænlands og settist að í Brattahlíð. Þorbjörn ákvað að flytja líka og setjast að í nágrenni Eiríks. Lagði hann af stað til Grænlands með miklu föruneyti og með honum fór Guðríður dóttir hans. (Hún fór síðar til Vesturheims, sjá bls. 26–27 í kennslubók.) Þorbjörn og fólk hans lenti í miklum hrakningum á leiðinni til Grænlands en komst loks í byrjun vetrar að Herjólfssnesi á Grænlandi. Þar bjó bóndinn Þorkell miklu búi og tók hann við Þorbirni og því af fólki hans sem enn lifði og bauð öllum að búa hjá sér til að byrja með.

Í fjórða kafla Eiríks sögu rauða er svo sagt frá atburði þeim þegar Þorkell bóndi á Herjólfssnesi fékk völvu til að spá fyrir sér og sínum. Mikið hallæri hafði verið á Grænlandi, veðurfar slæmt og fólk varla haft nægilega mikið að borða. Í héraðinu var kona sem hét Þorbjörg. Hún var spákona eða völvu og var ein á lífi af tíu systur sem allar höfðu verið spákonur. Á veturna buðu menn Þorbjörgu heim í veislur og báðu hana að spá. Þorkell bauð Þorbjörgu til sín. Hann vildi vita hvenær tíð færi að lagast. Koma Þorbjargar var vel undirbúin, maður var sendur á móti henni og henni útúið hásæti með hæsnafiðurspúðum.

Í Eiríks-sögu rauða segir svo:

En er hún kom um kveldið og sá maður er í móti henni var sendur þá var hún svo búin að hún hafði yfir sér tuglamöttul bláan og var settur steinum allt í skaut ofan. Hún hafði á hálsi sér glertölur. Hún hafði á höfði lambskinnskofra svartan og við innan kattarskinn hvítt. Staf hafði hún í hendi og var á *hnappur*. Hann var búinn *messingu* og settur steinum ofan um hnappinn. Hún hafði um sig *hnjóskulinda* og var þar á skjóðupungur mikill. Varðveitti hún þar í *töfur* þau er hún þurfti til fróðleiks að hafa. Hún hafði kálfskinnskó loðna á fótum og í *þvengi* langa og sterklega, látúnshnappar miklir á endunum. Hún hafði á höndum sér *kattskinnglófa* og voru hvítir innan og loðnir.

Orðskýringar:

Tuglamöttull, möttull er yfirhöfn og tuglamöttull er með böndum, tuglum, til að halda möttlinum saman um hálsinn. Settur steinum allt í skaut ofan – möttullinn hefur verið skreyttur með steinum alveg niður í kjöltu konunnar.

Kofri er sérstök gerð húfu eða hettu.

Hnappur á stafnum er hnúður eða kúla á endanum á honum.

Messing er málmblanda sem er að mestu leyti kopar, er líka kallað látún.

Hnjóskulindi er einhvers konar belti og við það hefur völvan fest *skjóðupung* sem er poki.

Töfur eru töfragripir.

Skóþvengi eru bönd sem skór voru festir með á fætur.

Glófi er hanski.)

Allir heilsuðu Þorbjörgu þegar hún kom inn og Þorkell bóndi leiddi hana til sætis en hún svaraði fáu. Hún fékk mjólkurgraut og hjörtu úr alls kyns dýrum áður en hún fór að sofa en hún sagðist ekki geta spáð, eða framið seið, fyrr en hún hefði sofið á staðnum.

Seinni hluta dags daginn eftir hóf hún undirbúning og sagði þá að hún þyrfti að fá með sér konur sem kynnu að syngja sérstakar galdrabulur (varðlokur). Í fyrstu fannst engin kona sem þulurnar kunni en loks sagði Guðríður að Halldís, fóstira sín á Íslandi, hefði kennt sér varðlokur. Guðríður færðist þó undan að syngja kvæðin því að hún sagðist vera kristin. Að lokun féllst hún þó á þetta. Þá slógu konur hring um Þorbjörgu þar sem hún sat í hásæti sínu og Guðríður söng. Töldu konurnar sig aldrei hafa heyrt fegurri söng og spákonan sagði að vegna hans ætti hún nú auðveldara með en ella að sjá fyrir um óorðna hluti. Hún spáði að hallærinu lyki eftir þennan vetur og aðstæður allar myndu batna. Hún þakkaði Guðríði og spáði vel fyrir henni. Annað heimilisfólk fékk líka að vita það sem því lék helst forvitni á. Þá var seiðkonan sótt af fólki á öðrum bæ, þangað sem hún fór.

Þorbjörn hafði hins vegar farið að heiman á meðan Þorbjörg spáði því að hann vildi ekki taka þátt í slíkri heiðni.

Allt kom það fram sem spákonan sagði og um vorið fór Þorbjörn með sitt fólk yfir í Brattahlíð til Eiríks rauða sem tók vel við honum.

Heimildir og frekara efni

- Á heimasíðu Minjaverndar Íslands er sagt frá fundi [Fjallkonunnar](http://www.fornleifavernd.is/index.php?pid=63). <http://www.fornleifavernd.is/index.php?pid=63>
- Sigurður Bergsteinsson. 2005. „Fjallkonan“ – fundur leifa 10. aldar konu við Afréttarskarð. *Glettingur*, 15. árg. 1. tbl. Bls. 32-36.
- Valgerður H. Bjarnadóttur. 2005. Heiður. Á *sprekamó*. Afmælisrit tileinkað Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi sjötugum, 11. júní 2005. Ritstj. Sigurður Ægisson. Bls. 378–383.
- Lýsing á völvu er í 4. kafla Eiríks sögu: <http://www.snerpa.is/net/isl/eirik.htm>
- Ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur um Fjallkonuna flutt 17. júní 2005 á Austurvelli. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1024940/>
- Í Noregi hafa fundist sambærilegar fornleifar, sjá: <http://www.visir.is/fjallkonan-atti-ser-norska-systur/article/2012120719389>
- Heimildarmynd um Fjallkonuna á vef Námsgagnastofnunar. <http://nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=2028e600-53f6-4f73-8710-48a70a506014>
- Miðaldafólk á ferð bls. 13–14: Útgefið á Námsgagnastofnun 2009.

UPPRUNI BLS. 8–13

Hér er fjallað um uppruna norræns fólks. Einnig um þróun skipa þeirra en góð skip voru forsenda ferðalaga norrænna manna bæði til sjórána, kaupmennsku og landnáms.

Land og fólk

Veröldin er síbreytileg. Í raun eru aldrei tvö augnablik eins, allt er á stöðugri hreyfingu, Jörðin snýst, vindur blæs og vatn rennur. Allt er líka að breytast á einhvern hátt, lífverur vaxa, deyja og rotna og jafnvel klettar, sem okkur sýnast eins frá degi til dags, rofna og brotna niður smátt og smátt. Sumt í náttúrunni breytist hratt, annað svo hægt að við sjáum það varla, ekki nema að reyna að horfa langt aftur í tímann.

Einu sinni var jökull yfir norðurhveli og ekkert fólk á Jörðinni. En fólk kom fram í Afríku og þaðan dreifðist það. Fólk virðist alltaf hafa ferðast. Það fór um til að leita sér fæðu, elti hjarðir dýra eða leitaði að góðu grænmeti eða ávöxtum. Fólk flýði undan náttúruhamförum t.d. eldgosum eða þurrkum. Eða það bara ákvað að fara annað, komast úr þrengslum þangað sem væri meira rými. Eða það ferðaðist fyrst og fremst af forvitni, til að skoða hvað væri á bak fjall eða haf. Þannig virðist þetta alltaf hafa verið. Ekkert annað dýr á Jörðinni leikur þetta eftir mannum. Öll önnur dýr eru háð því að lifa við ákveðnar aðstæður á sínu búsvæði, þar sem er t.d. ákveðið hitastig eða fæðuframbod. Fólk gat bæði aðlagð sig mjög ólíkri náttúru og líka breytt nærumhverfi sínu t.d. klætt sig eftir veðri. Þess vegna gat fólk ferðast um allan heim og sest að á svæðum allt frá jöklum heimskautasvæða til hitabeltis.

Til að geta ferðast og lifað við breyttar aðstæður varð fólk að leysa alls kyns viðfangsefni og breyta lífsháttum sínum, t.d. að smíða skip og fara að borða eitthvað allt annað en það hafði gert. Fólk sem í árþúsundir lifði á að safna og veiða í náttúrunni gerðist loks bændur og fór að rækta fæðu, grös og korn, og halda húsdýr. Flest gerðist þetta þó hægt, hver kynslóð tók við þeirri þekkingu sem sú fyrri hafði aflað sér og þróaði hana áfram.

Það er aldrei nógsamlega ítrekað að þótt fólk hafi þessa sérstöðu meðal dýra þá er fólk, rétt eins og allar aðrar lífverur, algjörlega háð náttúrunni um allar lífsnauðsynjar, fæðu, vatn, skjól og nægilegt rými til lífs og athafna. Eyðileggi fólk náttúruna verður hún verri bústaður fyrir allar lífverur, ekki síst menn. Núlifandi kynslóðir hafa tækni til að eyðileggja náttúru og umhverfi Jarðar en hafa líka þekkingu og yfirsýn til að meta ástand Jarðarinnar, sem margar fyrri kynslóðir gátu ekki haft. Það er siðferðileg skylda hvernar kynslóðar að skila ekki náttúru og umhverfi til næstu kynslóða í síðra ástandi en hún tók við. Nokkuð sem við sem nú lifum getum gert og eigum að gera.

Umræðuefni

- Síðbreytileg náttúra. Hvaða breytingar á náttúru hafa nemendur séð? Árstíðaskipti. Vöxtur t.d. trjáa – hvað hefur breyst frá í fyrra? Eldgos, öskufall, ný hraun. Rof við vötn, ár og haf.
- Langtímabreytingar. Hafa nemendur heyrt um loftslagsbreytingar – hlýnun andrúmslofts? Þær breytingar stafa ekki af náttúrlegum breytingum eins og þegar ísaldarjökullinn bráðnaði fyrir rúmlega 10 þúsund árum heldur vegna mengunar sem fólk skilar út í andrúmsloftið. Hvað hafa nemendur gert til að taka þátt í að snúa þeirri þróun við? Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað? Hvað gætu þau gert meira? (<http://www.loftslag.is/>)
- Fólk virðist alltaf hafa ferðast og flutt búferlum. Þekki nemendur fólk sem hefur flutt á milli landa, t.d. til Íslands frá öðrum löndum, frá Íslandi til annarra landa.
- Í Afríku þróuðust ekki bara menn heldur líka ljón og fílar og fjölmörg önnur dýr. Af hverju hafa þau ekki flutt út um allan heim eins og fólk?

Skipin, svör spurninga og nokkrar heimildir

Seglin: Toghár ullarinnar eru slétt og hrinda frá sér vatni og því heppilegt efni í segl. Gera má ráð fyrir að togið sé næstum helmingur ullarreyfis svo að segl á víkingaskipi hefur verið hátt í tonn á þyngd.

- Sjá nánar grein eftir Örnólf Thorlacius: *Hjarðir sauða og herskarar kvenna – um vaðmálssegl á víkingaskipum*, í tímariti Heimilisiðnaðarfélags Íslands, Hugur og hönd, árið 2005, bls. 26–28.

Mynd bls. 10. Konan lengst til vinstri stendur við kljásteynavefstað og er að vefa. Vefurinn var strekktur með svo kölluðum kljásteynum. Þetta voru steinar með gati sem voru bundnir í uppistöðu vefjarins til að halda honum strekktum. Konan sem situr er að taka ofan af, þ.e. hún er að aðgreina tog og þel ullarinnar. Konan aftast er að spinna ullina í þráð sem síðan er ofið úr. Loks þurfti að sauma allar ofnu lengjurnar saman í seglið. Á bls. 42 er ljósmynd af kljásteynavefstað.

Fundin skip: Á Íslandi eru heiðnar grafir yfirleitt kallaðar kuml. Í þeim má finna alls kyns hluti sem lagðir hafa verið í gröfina með þeim látna. Það þekki að lík hafi verið lögð í báta þótt langt sé frá að þau fley séu eins mikil og skipin sem fundist hafa í haugum í Noregi og Danmörku. Á Íslandi var hins vegar algengara að setja annars konar fararskjóta í grafirnar, það er hesta.

- Í bókinni, *Mannvist – sýnisbók íslenskra fornleifa*, eftir Birnu Lárusdóttur er kafli um íslensk kuml, eftir Þóru Pétursdóttur, bls. 54–71. Bókin var gefin út af Opnu árið 2011.

- Samsafn ýmiss konar gagnlegra hluta í kumli eða haug gefur til kynna að fólk hafi trúað því að sá látni færi í aðra veröld og þar myndu honum nýtast þessir hlutir. Framandi hlutir í haugum, svo sem silkiefni og beinagrind af páfugli, gefa til kynna ferðlög og viðskipti við fjarlæg lönd.

Norsku skipin sem fjallað er um í bókinni og geymd eru á Bygdö safninu nálægt Osló eru s.k. Gauksstaðaskip (Gokstad), Tuneskip og Ásubergsskip (Oseberg). Dönsku skipin eru hins vegar geymd á víkingaskipasafninu í Hróarskeldu (Roskilde). Ýmislegt má finna um þessi skip á veraldarvefnum.

- Fróðleg er líka grein Kristínar Huldar Sigurðardóttur, *Framtíð norsku víkingaskipanna í Bygdö*, í Lesbók Morgunblaðsins, 11. ág. 2001, bls. 8–9.

Skipið Íslendingur sem myndin er af á bls. 12–13 er nákvæm eftirlíking af Gauksstaðaskipinu. Það er nú varðveitt í Víkingaheimum í Reykjanesbæ.

- Heimasíða Víkingaheima; <http://www.vikingaheimar.is/>. Sjá sérstaklega undirkaflana Skipið og Skipstjórinn.
- Sjá einnig: http://www.nat.is/sofn/vikingaskipid_islendingur.htm

Umræður

- Fróðlegt er að rifja upp hvað varð til þess að skipasmíði varð svo háprúð á Norðurlöndum, hvaða aðstæður réðu því?
- Gott er líka að rifja upp allt það sem þurfti til að smíða víkingaskip, skóga sem gáfu af sér gott timbur, land þar sem var hægt að hafa margt sauðfé sem aftur gaf af sér góða ull og flíkt handverksfólk til smíða og tóvinnu. Síðar í bókinni er getið um að víkingar hafi siglt með mikinn flota, jafnvel nokkur hundruð skip, til annarra landa. Ótrúlegt!

Kortaverkefni

Bekjarverkefni (3–6 hópar). Gera má ráð fyrir a.m.k. 6 kennslustundum í svona verkefni, fer eftir umfangi og nemendafjölda:

- Dregnar upp útlínmyndir (nýta myndvarpa) af Afríku, Íslandi og svo hinum Norðurlöndunum (þrjú veggspjöld). Ágæt stærð er t.d. 1 x 1,5 m². Ekki er nauðsynlegt að hafa hlutföllin milli veggspjaldanna eða landanna rétt en gott er að skoða saman og ræða staðsetningu þeirra, stærðarhlutföll og fjarlægð á milli á landakorti eða hnetti áður en byrjað er að teikna.
- Hvert land litað/vatnslitað gróflega eftir litaskiptingu í kortabók. Ekkert merkt inn á. Svo er unninn texti sem límdur er á hvert spjald (á löndin eftir því sem við verður komið án þess að þau hverfi alveg undir textann). Textann er hægt að taka beint upp úr bókinni eða umorða hann. Á veggspjöldin er einnig

hægt að líma myndir sem teiknaðar hafa verið og klipptar út og eiga við viðkomandi spjald, s.s. þróun mannsins í Afríku, hvítara fólk í norðrinu, veiðidýrin, knerri og kjalskip, víkinga ... Dæmi um texta á spjöldunum:

Afríka

Á ísöld komu fram menn í Afríku. Þaðan dreifðist fólk um heiminn. Sumir ferðuðust langt í norðurátt og settust að þar. Það er nú kallað norrænt fólk.

Skv. texta á bls. 8.

Norðurlönd

Norræna fólkid aðlagðist aðstæðum t.d. í útliti og háttum. Það lærði að lifa af náttúru svæðisins. Mikilvægustu veiðidýrin voru hreindýr en fólkid veiddi líka fisk og tíndi ber og jurtir sér til matar. Skv. texta á bls. 8.

Ísland

Norrænt fólk bjó flest nálægt hafinu. Sumum fannst freistandi að sjá hvað væri handan hafsins og langaði að flytja. Aðrir þurftu að flýja heimili sín því þeir höfðu lent í átökum og óttuðust um líf sitt. Fólkid lærði að smíða skip til að sigla á yfir hafið Skv. texta á bls. 9.

- Hluti verkefnisins gæti verið að setja textann fallega upp í ritvinnsluforriti. Ef hann er handskrifaður þarf e.t.v. að fara ofan í hann með fínu tússi.

Tengja mætti veggspjöldin saman með spotta eða örvum sem gefa þróun og fólksflutninga til kynna.

Við lok verkefnisins getur hver hópur kynnt sitt veggspjald, eða bekkurinn haldið sýningu á verkefninu fyrir aðra nemendur eða foreldrahópinn.

Umræður

- Hvað þurfti fólk að hugsa um í sambandi við umhverfið hér áður fyrr (fyrir um 1000 árum)? Voru sömu áhyggjuefni varðandi umhverfisvernd og núna? Af hverju/af hverju ekki? Hreinlæti, matur, skjól, efniviður, ofnýting ...
- Hvað þarf nútímafólk að hugsa um í sambandi við umhverfið?
- Heilsan, lífríkið, ásýnd lands, loftslagsbreytingar, mengun, gerviefni, regnskógurinn ...
- Leggja þarf áherslu á þær gífurlegu breytingar sem orðið hafa á samfélögum fólks ekki síst í kjölfar iðnbyltingar. Fyrir 1000 árum bjuggu nánast allir í dreifbýli og flestar fjölskyldur sáu sjálfar um að rækta sína fæðu og framleiða aðrar nauðsynjar. Jafnvel fólk sem bjó í þorpum átti húsdýr. Allir hlutir voru framleiddir úr náttúruafnum sem aftur gátu fallið í hringrásir náttúrunnar þegar notkun þeirra var hætt. Allur úrgangur frá fólkum og dýrum var nýttur af

Þegar notkun þeirra var hætt. Allur úrgangur frá fólki og dýrum var nýttur af einhverjum öðrum í náttúrunni eða hann var beinlínis notaður til áburðar. Eftir iðnbyltingu mynduðust stórborgir. Þar býr fólk sem kaupir allar nauðsynjar í búðum og veit oft ekki hvaðan þær koma. Úrgangur frá borgum er svo mikill að hann veldur mengun og nýtist ekki, eða miklu verr en áður, öðrum lífverum. Einnig er nú búið til gífurlegt magn af gerviefnum. Þá hefur efni verið tekið úr náttúrunni og því breytt þannig að þegar því er hent þá nýtist það ekki, engin lífvera getur notað það sér til hagsbóta. Gerviefni eru óteljandi en við þekkjum kannski plastið best. Hvað sjáum við marga hluti í kringum okkur búna til úr plasti? Plastið er unnið úr olíu. Þegar plasthlutum er hent eyðast þeir ekki heldur virðast endast óendanlega lengi, eru þá mengun sem engum nýtist en veldur miklum skaða.



Hugtakakort

- Gerð eru hugar- eða tengslakort þar sem í miðjuna er skrifað annars vegar Umhverfismál fyrir þúsund árum og hins vegar er skrifað Umhverfismál í nútímanum.
- Svo láta nemendur hugann reika og skrifa niður það sem þeim dettur í hug innan ákveðins tímaramma (10–20 mínútur). Gjarnan má myndskreyta hugarkortin líka. Dæmi um slíka vinnu gæti litið svona út: Svona hugarkort kalla á samræður og vangaveltur um þessi mál og flestir hafa eitthvað til málanna að leggja. Ekki er endilega þörf á meiri vinnu í kringum þetta en auðvitað er hægt að taka einstaka þætti og skoða þá betur. Til dæmis gæti verið vinsælt að taka fyrir umræðu um skólplagnir og hafverndarsjónarmið nútímans í sam-

hengi við spurninguna: Hvar gerðu menn þarfir sínar áður en klósettin komu til sögunnar? Kamrar? Sérstök svæði utanhúss? Nálægt híbýlum manna eða langt frá? Hvers vegna? En ef veður var mjög vont? Inni? Hvar? Í kopp? Hvað með lyktina? Klósettpappír? Handklæði? Voru vaskar? Þvoði fólk sér eftir að hafa sinnt þessum málum? Hvað með framtíðina? Hvernig ætli þetta verði eftir 1000 ár? Ætli fólk í gamla daga hafi spáð í þessa hluti á sama hátt og við gerum núna? Ekki er víst að svör fáist við öllu því sem velt er upp, enda ekki markmið í sjálfu sér að svara öllu „rétt.“

VÍKINGAÖLD BLS. 14–15

Enn skal áréttað að fæstir voru víkingar á víkingaöld. Flest fólk var venjulegt fólk, karlar, konur og börn sem vann að langmestu leyti við búskap. Þetta er áréttað í ýmsum greinum á Vísindavef Háskóla Íslands, sjá t.d.:

- Sverrir Jakobsson. „Hvaðan komu víkingarnir og hvaða áhrif höfðu þeir í öðrum löndum?“ Vísindavefurinn 13.7.2001. <http://visindavefur.is/?id=1789>.
- Orri Vésteinsson. „Hvar hafa leifar um víkinga varðveist?“ Vísindavefurinn 25.6.2004. <http://visindavefur.is/?id=4377>.
- Fólk á víkingaöld skildi ekki eftir sig skrifaðar heimildir, það kunnir ekki að lesa og skrifa á sama hátt og við gerum nú. Ritaðar heimildir um heiðið fólk, og þar með víkinga, eru því skráðar af kristnu fólki og í flestum tilfellum löngu eftir að heiðni var aflögð. Því er ekki við öðru að búast en að þar sé ýmislegt misskilið og misskráð, kannski er gert meira úr grimmd víkinga en til stóð en um það er lítið hægt að segja nú.

Umræður

- Góð skip voru forsenda þess að norrænir menn gátu ferðast svo langt að heiman sem raun ber vitni. Ýmsar kenningar eru um hvers vegna þeir fóru í þær útrásir. Á bls. 15 er getið nokkurra. Kannski eru þær réttar, kannski ekki. Hvaða aðrar ástæður gætu verið til þessa? Hvers vegna flytur fólk á milli landa nú á tímum?

VÍKINGAR HERJUÐU VÍÐS VEGAR, BLS. 16–27

Í þessum kafla eru raktar ferðir víkinga, og annarra norrænna manna, um víðfeðm land- og hafsvæði. Ferðalögin leiddu meðal annars til búsetu norrænna manna á svæðum sem við nú teljum til þriggja heimsálfa.

Víkingar og víkingaferðir

- Fróðlegt er að bera saman nútíma landakort og kortin í kennslubókinni, skoða árnar sem farið var eftir og strandirnar sem siglt var meðfram. Hvernig ætli þetta land sé nú frábrugðið því sem það var á tímum víkinga?
- Sums staðar settust víkingar að en voru flæmdir fljótlega frá öðrum stöðum. Hvers vegna ætli það hafi verið? Samanburður á milli svæða. Hvaða áhrif ætli samfélög norrænna manna hafi haft þar sem þau urðu til?

Íslenskt landnámsfólk

Lengi hefur verið rætt og jafnvel deilt um uppruna Íslendinga. Gerður hefur verið ýmiss konar samanburður, t.d. á útliti fólks eða menningu og á húsdýrum annars vegar á Íslandi og hins vegar í Bretlandseyjum og Noregi. Á síðustu árum hafa erfðafræðirannsóknir sem teljast óyggjandi gefið þær niðurstöður sem þarna eru raktar, þ.e. að meirihluti landnámskvenna hafi verið af breskum uppruna en meiri hluti karla frá Norðurlöndum. Það hefur verið útskýrt á þann hátt sem gert er í bókinni. Sjá:

- Agnar Helgason. 2004. Uppruni Íslendinga. Vitnisburður erfðafræðinnar. *Hlutavelta tímans*. Menningararfur á Þjóðminjasafni, bls. 49–55. Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Agnar Helgason. „Staðfesta nútímarannsóknir að Íslendingar séu að mestu leyti komnir af Norðmönnum líkt og segir í fornum ritum?“ Vísindavefurinn 4.12.2000. <http://visindavefur.is/?id=1213>.

Að rata á sjó og landi

- Í námsefninu *Komdu og skoðaðu landakort* er nokkur umfjöllun, verkefni og leikir um rötun, áttirnar og meira tengt efni: Sjá: http://vefir.nams.is/komdu/landakort/landakort_frames.htm
- Til að geta ratað á landi og með löndum þurfti fólk að vera athugult, taka eftir kennileitum og leggja þau á minnið.
- Hversu mikið taka nemendur eftir umhverfi sínu? Geta þeir t.d. lýst leiðinni á milli heimilis og skóla?

- Þekkja nemendur áttirnar? Vita þeir í hvaða átt sólin kemur upp, hvar og hvenær hún er hæst á lofti og hvar hún sest? Ath. á sumrin þegar sólargangur er langur kemur sólin upp norðan við háaustur (í norðaustri) og sest norðan við hávestur (í norðvestri) en á vetrum er þessu öfugt farið, sólrís er sunnan við austur (í suðaustri) og sólarlag sunnan við vestur (í suðvestri). Sól er þó alltaf í suðri þegar hún fer hæst, um hádegi, sem er um hálf tvö á höfuðborgarsvæðinu en nokkru fyrr austar á landinu.
- Hafa nemendur fylgst með farfuglunum? Sérstaklega er gaman að gera það á vorin þegar fuglarnir eru að koma. Hver sér fyrstu lóuna?

Á síðustu árum hefur áhugi á stjörnuskoðun aukist mjög mikið og margir skólar taka þar þátt. Ekki er það síst að þakka Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness og stjörnufræðivefnum. Sjá:

- Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness; <http://www.astro.is>
- Stjörnufræðivefurinn; <http://www.stjornufraedi.is>

Okkur finnst fyrst og fremst gaman og fróðlegt að skoða stjörnurnar og himingeiminn en fyrir sæfarendur á víkingaöld var beinlínis lífsnauðsynlegt að kunna skil á himinhöttunum.

Pólstjarnan

Með hjálp stjörnukortsins á bls. 25 á að vera hægt að finna Pólstjörnuna. Á stjörnubjörtum himni er venjulega auðvelt að

- sjá Karlsvagninn
- finna hjálparstjörnurnar tvær á hlið „skaftpottsins“
- sjá að hjálparlína í gegnum þær stefnir á Pólstjörnuna.

Pólstjarnan hangir í halanum á Litla-Birni og handan hennar, gegnt Karlsvagninum á himinhvelfingunni, er stjörnumerkið Kassíópeia sem er eins og W í laginu.

Þeim mun norðar sem farið er því hærra á himni er Pólstjarnan. Menn vissu hvað Pólstjarnan var hátt á himni á Íslandi og kunnu að mæla það með einföldu tæki. Þeir sem t.d. ætluðu að sigla til Íslands frá Evrópu gátu byrjað á að sigla beint í norður með hjálp stjörnuunnar. Þegar þeir voru komnir þangað sem stjarnan var í sömu hæð og á Íslandi vissu þeir að Ísland væri beint í vestur. Þá sneru þeir skipinu í vestur og gátu siglt beint til landsins með því að gæta þess að stjarnan væri alltaf í sömu hæð frá þeim séð.

Landnámsævintýri

Siglingar, landnám og líf norrænna manna eru í raun eins og ævintýri. Um þennan tíma hafa líka verið skrifuð ævintýri og hér skal minnt á bækur Vilborgar Davíðsdóttur: *Korku saga* (2002), *Hrafninn* (2005), *Auður* (2009) og *Vígroði* (2012). Þetta eru spennandi skáldsögur en um leið skrifaðar af mikilli þekkingu á þeim tíma þegar þær eiga að gerast. Bækurnar eru hins vegar ekki ætlaðar mjög ungum nemendum en kennarar gætu lesið þær sér til fróðleiks og hægt er að lesa valda kafla með nemendum.

Kortaverkefni

- **Kortin** á blaðsíðum 17, 19 og 20 eru borin saman við nútímakort af sömu landsvæðum. Hvað hétu löndin á víkingatímanum? Hvað heita þau núna? Hvernig hafa lönd og landamæri breyst? Finna erlendu nöfnin á borgum og bæjum og bera saman við þau íslensku: Dublin = Dyflinni, Mikligarður = ... o.s.frv.
- **Skoða á landakorti** hvaða leiðir þurfti að fara til að komast á skipi milli þeirra staða sem nefndir eru í námsbókinni og þræða sig þannig í gegnum lönd og landsvæði. Hér þarf ekki endilega að skrifa neitt niður eða merkja á landakort, það nægir að skoða og spjalla saman um efnið.
- **„Ferðalag á víkingaöld“.** Áhugasamir nemendur gætu búið til spil sem gengur út á það að fara í ferð á víkingaöld. Huga þarf að atriðum eins og undirbúningi, vistum, mannskap, veðurfari og árstíðum og hugsanlegum hindrunum (veðri, veikindum, slysum, óvinum ...). Til hvers er ferðin farin? Er ætlunin að fara í víking, þ.e. í ránsferð, eða verslunarferð? Er tilgangurinn að sölsa undir sig landsvæði og völd? Er tilgangurinn að gerast „væringjar“ keisarans í Miklagarði? Markmið ferðarinnar ræður því hvernig undirbúningi er háttað og hvaða leið er farin; þarf að hafa mikið af vopnum með, vistum, fjármunum ... o.s.frv. Hvernig rataði fólk? Gera þarf ráð fyrir stjórnubjörtum himni, sól, tungli, þoku, myrkri, logni, vindi, stórsjó ... Nauðsynlegt er að lesa kaflann vel í undirbúningi spilsins, auk þess sem gott getur verið að glöggva sig enn frekar á ýmsum þáttum víkingaferðanna með aðstoð annarra bóka og/eða efnis á netinu. Má þar t.d. nefna vefsíðu Námsgagnastofnunnar um Leif heppna: <http://vefir.nams.is/leifur/index.html> auk námsbókarinnar: Leifur Eiríksson –á ferð með Leifi heppna. Auk þess er ýmsan fróðleik annan að finna á netinu, s.s. á síðunni <http://is.wikipedia.org/wiki/V%C3%ADkingar> og á Vísindavefnum. Í þeim skólum þar sem Landnámsspilið, sem gefið var út af Námsgagnastofnun um 1990, er til er tilvalið að nota það, annað hvort í staðinn fyrir spilagerðina sjálfa, eða sem uppsprettu hugmynda fyrir spilið sem nemendur gera. Meiri og dýpri skilnings má vænta af nemendum ef þeir sjálfir búa til spil en ef þeir nota það sem til er, auk þess sem þá er hægt að sníða spilið að áhuga og hæfni bekkjarins, án flókinna leikreglna eða langs spilatíma – þó eflaust megi gera ráð fyrir talsverðum tíma í að búa til spilið sjálft.

NORRÆN SAMFÉLÖG

BLS. 28–37

Kaflinn fjallar um norræn samfélög, stjórnskipan þeirra, trúarbrögð og lífsviðhorf fólks. Sá varnagli skal enn sleginn að flest er þetta hulið mósku fortíðar. Það var ekki skrifað um víkingaöldina fyrr en löngu eftir að hún var liðin og þá af fólki sem þekkti aðeins heiðnu, norrænu samfélögin af afspurn og lifði sjálft í ólíkum samfélögum hvað varðaði trú og ýmis lífsviðhorf.

Borgir

Samfélög norrænna manna voru að langmestu leyti í sveitum en hér er minnst á þrjá mikilvæga verslunarstaði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Engin nútímaborg er þó byggð á grunni þessara gömlu borga, þær eyddust í raun allar, annaðhvort í hernaði eða af náttúrlegum ástæðum.

Hér er líka spurt um ambátt sem íslenskur maður keypti á markaði erlendis og flutti til Íslands. Í ljós kom að hún var írsk prinsessa, Melkorka Mýrkjartansdóttir. Frá henni er sagt í Laxdælu.

Þinghald

Stundum er rætt um Alþingi á Þingvöllum eins og það hafi verið einstakt í sinni röð, að íslenskir landnámsmenn hafi verið að finna upp eitthvað alveg nýtt þegar þeir stofnuðu Alþingi. Í raun er ekki svo. Þing virðast almennt hafa verið haldin í norrænum samfélögum. Til marks um það eru víða erlendis örnefni sem gefa til kynna að þar hafi verið þingstaðir. Á eyjunni Mön í Írlandshafi eru enn sögð upp lög við hátíðlega athöfn á hverju sumri á stað sem heitir Tynwall. Í Þórshöfn í Færeyjum er Tinganes en þar voru þing haldin öldum saman og þar er stjórnsetur eyjanna nú. Í Skotlandi er örnefnið Dingwall á tveimur stöðum og í Orkneyjum og Hjaltlands-eyjum eru örnefni og sagnir um forna þingstaði. Í íslenskum heimildum er sagt að lög Gulapings hafi verið fyrirmynd fyrstu íslensku laganna en talið er að Gulaping hafi verið í sveitarfélaginu Gulen sem er norðan við Bergen á vesturströnd Noregs.

Það sem kannski er sérstakt á Íslandi er að sú skipan sem heiðnir menn komu á, þ.e. að skipta landinu í goðorð og að hér væri eitt allsherjarþing fyrir allt landið, hélst áfram þótt kristni væri lögtekin og stjórnskipan breyttist smátt og smátt. Einnig var tiltölulega fljótt farið að skrifa upp lögina og slitur af þeim texta eru enn til í handritum Grágásar. Því er hugsanlega meira vitað um skipan mála hér en víða annars staðar.

Alþingi á Þingvöllum

Allsherjargoði helgaði þingið í upphafi. Allsherjargoði var alltaf sá sem fór með goðorð landnáms Ingólfs Arnarsonar því að Þingvellir voru innan þess svæðis. Fyrsti allsherjagoðinn var Þorsteinn Ingólfsson.

Þá tók lögsögumaður við og sagði lögin frá svo kölluðu lögsögumannsrúmi á Lögbergi. Á hverju ári þuldi hann þingsköp og síðan þriðjung laganna og lauk þannig við að þylja allan lagabálkinn á þrem árum. Lögsögumaður stjórnaði svo þinginu og var sá sem tók af skarið ef menn deildu t.d. um túlkun laga. Hann hafði því heilmikil völd á þingum. Lögrétta kaus lögsögumann til þriggja ára og þeir voru oft endurkosnir. Lögsögumenn voru gjarnan vel menntaðir höfðingjar og nefna má Þorkel mána Þorsteinsson, Þorgeir Ljósveitningagoða og Snorra Sturluson.

Eftir að lögin höfðu verið skráð, snemma á 12. öld, hætti þessi lögsaga. Smátt og smátt gleymdist hvar lögsögumaðurinn hafði verið þegar hann sagði upp lögin og því veit enginn nú með vissu hvar Lögberg var og lögsögumannsrúmið. Löngu seinna fóru menn að reyna að finna út staðsetningu Lögbergs og deildu hart um hana. Þótt á endanum hafi verið ákveðið að Lögberg hafi verið á eystri barmi Almannagjár, þar sem íslenski fáninn blaktir nú hvern dag, eru enn margir sem telja að sú staðsetning sé ekki rétt. Um þetta fæst líklega seint nokkur víska.

Lögrétta var meginstofnun þingsins. Þar sátu allir goðar landsins í hring með tvo bændur með sér og sat annar fyrir framan goða sinn og hinn fyrir aftan. Þannig myndaðist þrefaldur hringur. Þarna voru mál sótt og varin og loks dæmt um sekt eða sýknu. Refsingar voru hins vegar ákveðnar í lögum og gátu verið bætur eða fjársektir, brottrekstur úr landi eða skóggangur. Ekki var um að ræða líkamlegar refsingar eða dauðadóma eins og raunin varð miklu síðar þegar farið var að dæma eftir erlendum lagabókum hingað sendum af útlendum kóngum.

Umræður

- Lögin voru ekki skrifuð heldur sögð upp, utanbókar. Og þetta var ótrúlega mikill texti. Getur verið að lögin hafi breyst smátt og smátt til dæmis eftir aðstæðum? Gæti verið að smátt og smátt hafi gleymst lagagreinar sem ekki virkuðu nógu vel og aðrar smátt og smátt tekið við? Ef svo var – var það þá alslæmt? Seinna var farið að skrifa lögin í útlöndum af erlendum embættismönnum kónigs og kirkju sem þekktu ekki aðstæður á Íslandi. Og þeim var erfitt að breyta þótt aðstæður á Íslandi breyttust.
- *Grágás* skoðuð. Ritlistin fylgdi kristni og um 1100 var farið að skrifa upp lög. Þeim var safnað í sérstakt handrit sem löngu síðar fékk nafnið *Grágás*. Til eru slitur af *Grágás* frá 12. öld. Árið 2001 kom *Grágás* út á bók hjá Máli og menningu. Gaman er að glugga í þá bók og skoða. Þarna er prentað það efni sem lögsögumenn þuldu en einnig ýmsar viðbætur og skýringar.

- Áhrif og völd. Konur, fátækir karlar og vinnumenn gátu ekki boðið sig fram til þings og tekið þátt í stjórnun landsins. Gat þetta fólk kannski samt haft einhver áhrif? Hvernig? Hvernig er þetta nú?

Trúarbrögð

Snorra-Edda er mikilvægasta heimildin sem við eigum um fornan átrúnað heiðinna manna. Hún var skrifuð af Snorra Sturlusyni (1179 –1241) sem var kristinn og lifði um 200 árum eftir að kristni var lögtekin. Námsgagnastofnun hefur gefið út nokkrar bækur þar sem Iðunn Steinsdóttir endursegir hluta úr *Snorra-Eddu* og er sjálfsgagt að nemendur skoði þær og lesi samhliða vinnu um víkingaöldina.

Vættir

Athugið að orði vættur er alla jafna kvenkynsorð, beygist: vættur, vætti, vætti, vættar.

Í formála *Snorra-Eddu* segir að forfeður okkar og mæður hafi bent á að Jörðin og dýrin væru að mörgu leyti lík. Ef er grafið í jörðina þá sprettur upp vatn, hvort heldur sem grafið er hátt í fjöllum eða í djúpum dölum. Eins er það með dýrin, það er jafn langt til blóðs í höfði og fótum. Á jörðu vex á hverju ári gras og blóm sem sölna síðan og falla. Eins er þetta með dýr, að hár og fjaðrir vaxa á hverju ári og falla síðan. Ef efsta lagi jarðar er umbylt þá vex þar aftur gróður. Björg og steina á jörðinni töldu heiðnir menn samsvara tönnum og beinum dýra. Vegna alls þessa þá litu þeir svo á að Jörðin væri lifandi. Þeir vissu að hún hlaut að vera mjög gömul og máttug og þeir töldu að allt líf væri frá henni sprottið og allar lífverur færu til hennar aftur þegar þær dæju. Þess vegna gáfu þeir Jörðinni nafn og töldu ætt sína til hennar.

Á síðustu áratugum hafa komið fram kenningar um að í raun megi líta svo á að Jörðin sé á einhvern hátt lifandi að hún líkist í raun risastórri lífveru þar sem eru ákveðin kerfi til stjórnunar s.s. hita. Þessi kenning er oftast eignuð breskum vísindamanni, James Lovelock, sem nefndi kenninguna eftir grískri gyðju, Gæju (Gaia). Lovelock, og margir aðrir vísindamenn, hafa fært ýmis rök fyrir þessum skilningi sínum og sífellt fleiri hafa tekið undir kenningar Lovelock að öllu eða einhverju leyti.

Völuspá og Hávamál

Þessar bækur komu út hjá Máli og menningu, *Völuspá* árið 2005 og *Hávamál* árið 2011. Ljóðin eru umort af Þórarni Eldjárn og bækurnar myndskreyttar af Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.

Sjálfsgagt er að skoða ljóðin í heild sinni, lesa þau og vinna úr þeim verkefni. Þau geta orðið mikil uppspretta umræðna t.d. í framhaldi af spurningum svipuðum þeim og eru á bls. 36.

Hópverkefni – vættir, goð og gyðjur.

- Skipta bekknum upp í nokkra hópa. Hver hópur dregur miða með nafni goðs, gyðju, landvætta eða annarra vætta, s.s. dverganna Norðra, Suðra, Eystra og Vestra. Hóparnir afla sér upplýsinga um viðkomandi efni, t.d. af netinu, og útbúa vísbendingaspurningar. Svo er haldin spurningakeppni milli liða eða bekkja eða leikinn látbragðsleikur fyrir hina í bekknum, sem á að gefa vísbendingu um hvern eða hverja verið er að leika. Þannig gætu t.d. vísbendingar um Óðin verið eitthvað af eftirfarandi:
 - Guð herkænsku og stríðs
 - Skapaði Jörðina, ásamt bræðrum sínum, Vilja og Vé
 - Eineygður gamall förumaður í skikkju með barðastóran hatt eða hettu
 - Getur breytt sér í fugl eða önnur dýr
 - Ríður hinum áttfætta Sleipni
 - Tveir úlfar fylgja honum, Geri og Freki
 - Á tvo hrafna sem fylgja honum, þeir heita Huginn og Muninn
 - Drakk úr Mímisbrunni til að öðlast visku, í skiptum fyrir annað auga sitt.

HEIMKYNNI OG DAGLEGT LÍF, BLS. 38–39

Hér er fjallað um daglegt líf fólks og lifnaðarhætti þess.

Skálarnir

Víða hafa skálar verið grafnir upp og jafnvel endurgerðir, eða byggð svo kölluð tilgátuhús, hús eins og menn telja að gömlu skálarnir gætu hafa verið. Á Íslandi er aðgengilegast fyrir flesta að skoða uppgröft skála í Aðalstræti í Reykjavík. Sjá:

- <http://www.reykjavik871.is/>
- <http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4206/>

Landnámsskálar hafa víðar verið grafnir upp s.s. í Mývatnssveit, á Reykjanesi, Suðurlandi og er sjálfsagt að nemendur afli sér upplýsinga, t.d. hjá minjaverði héraðsins, um hvort slíkur uppgröftur er einhvers staðar í nágrenni þeirra og kynni sér hann þá. Gaman er að heimsækja slíka skála og ímynda sér hvernig hafi verið að búa í þeim.

Forsenda þessara stóru skála var að hægt væri að afla nægilegs stórviðar í stoðir og rafta. Þegar frá leið landnámi á Íslandi, og gekk á innlendan skóg og rekavið á ströndum, minnkuðu húsín. Sú umfjöllun er utan þessa námsefnis.

Verkefni og umræður

- Nemendur kynna sér uppgröft á skála í nágrenni sínu, hve stór hann var og fyrirkomulagið eftir því sem hægt er.
- Skálinn mældur út í kunnuglegu rými, t.d. með því að kríta útlínur hans á malbikaða skólalóð, síðan helstu innviði, stoðir, langeld og fleira.
- Hvernig ætli hafi verið að búa í slíkum skála með allri fjölskyldunni, vinnufólki og kannski dýrum?

Vísbendingar

Enn er ítrekað að það sem sagt er um fólk á víkingaöld byggir á einhvers konar vísbendingum. Margt er erfitt að fullyrða og líklega ýmislegt sem hefur verið misskilið eða nútímafólk hefur alls ekki áttað sig á, skilið eða séð. Óvissan gefur okkur tækifæri til að þæla enn frekar og grúska til að skilja og koma með nýjar tilgátur!

Ljósmyndir

Á bls. 40. Þarna sjást steinar yfir eldi en oft hafa þeir líka verið hafðir í eldinum um tíma og síðan teknir úr honum með tögum og þá t.d. bakaðar á þeim flatkökur.

Á bls. 41. Í kvörninni voru tveir kvarnasteinar hvor ofan á öðrum og sá efri með handfangi. Korn var sett á milli steinanna og síðan var efri steininum snúið og kornið þannig malað í mjöl.

Maturinn

Sumarið var tími söfnunar og veiða. Fólk þurfti að fylgjast vel með til að safna og veiða þegar mest var að fá. Eggjum þurfti að safna snemma á vorin þegar fuglar voru nýorpnir. Ýmsar plöntutegundir eru bragðbestar og kröftugastar þegar þær eru í fullum blóma, aðrar gefa af sér ber eða önnur aldin á haustin. Best var að kýr og kindur bæru á vorin þegar hagar voru bestir. Á haustin var húsdýrum slátrað svo að ekki þyrfti að hafa jafn mikið af þeim á fóðrum yfir veturinn. Á haustin var því gnótt matar en fólk vissi að þegar líða tæki á vetur væri erfitt með lífsbjörg. Því var mikil vinna að ganga þannig frá mat að hann geymdist til næsta vors. Ekki er vafi á að stundum hefur ekki verið nægur matur þegar líða tók á veturinn. Það hefur helst bitnað á þeim sem veikir voru fyrir.

Heimilisfræði – útikennsla

Í útikennslu undanfarin ár hefur nemendum verið kennt að elda yfir opnum eldi. Þar hefur Guðmundur Finnbogason, kennari í Laugarnesskóla, farið fremstur í flokki. Sjá t.d. <http://uppskriftir.matreidslunamskeid.com/>

Leiðbeint hefur líka verið um útieldun t.d. í Náttúruskóla Reykjavíkur og víðar.

- Bekkurinn heldur n.k. þorrablót og borðar þorramat.
- Nemendur elda yfir eldi.
- Nemendur leita uppi uppskrift að skyri og búa til skyr og mysu.
- Það er gaman að prófa svona einstaka sinnum en hvernig ætli hafi verið að þurfa að búa allt til heima, geta aldrei hlaupið út í búð til að kaupa eitthvað nánast tilbúið í matinn?

Fötin

Föt þurfti líka að vinna alveg frá grunni.

Verkefni og umræður

Reynt er að útvega óunna ull í reyfi. Það er líklega miserfitt eftir því hvar er á landinu, en það má reyna. Hugsanlega má finna einhvern sem kann til verka við tóvinnu og getur sýnt og kennt. Helst þurfa nemendur að fá að prófa sjálfir.

- Ullin skoðuð; þel og tog. Líka eru í henni hörð hár sem standa út í loftið. Þau eru kölluð hærur og er versta ullin. Úr hærnum var unnið gróft efni sem nota mátti t.d. í poka, hærusekki.
- Nemendur prófa að kemba ullina með kömbum.
- Síðan að spinna ullina í þráð með snældu.
- Fólk á víkingaöld kundi ekki að þrjóna svo að úr nær öllum þræði var ofið efni í vefstað.
- Ætli fólk hafi átt mikið af aukafötum sem voru bara notuð einstaka sinnum?
- Ætli fólk hafi hent fötum sem kannski pössuðu ekki alveg eða voru slitin?

Málmvinnsla

Ekkert heimili komst af án margra hluta úr málm. Flestir virðast hafa borið á sér hníf, kannski fyrst og fremst til að skera mat sinn og borða með. Aðrir nauðsynlegir hlutir úr málm voru ljáir til að slá gras á túnum og engjum, skeifur á hesta, axir til að höggva við, tangir og önnur verkfæri, lyklar o.fl. En málmur var ekki innfluttur fyrr en nokkrum öldum eftir að fólk flutti til Íslands. Allan málm þurfti að vinna úr íslenskri náttúru. Það var mikil vinna og hafði að öllum líkindum afdrifaríkar afleiðingar fyrir gróðurfar landsins.

Til að vinna málm þurfti viðarkol og mikið magn af þeim. Skógurinn var höggvinn, viðurinn kurlaður og honum safnað í kolagrafir. Kveikt var í viðnum í gröfunum og þegar vel logaði var eldurinn byrgður svo viðurinn kolaðist en brynni ekki til ösku. Þegar sloknað var í gröfinni voru kolin flutt heim. Mjög víða um land má enn sjá kolagrafir, líka þar sem nú sést ekki skógur. Þær eru þögul vitni um skóginn og eyðingu hans.

Hráefnið í málminn kom úr mýrum landsins. Þar safnast fyrir járnrikt efni, rauða. Mýrarrauðanum var safnað og hann þurrkaður. Í stórum steinþróum var blandað saman þurrum mýrarrauða og viðarkolum. Svo var kveikt í og blásið kröftuglega í eldinn. Þetta var rauðablástur. Fyrst brunnu eða bráðnuðu ýmis aukaefni úr rauðanum en þegar hitinn var orðinn nógu mikill var járneið eitt eftir. Því var safnað saman í klump sem var veiddur upp úr þrónni með töngum. Þá var eftir að herða járneið og hreinsa það enn betur með því að hita það og hamra áfram yfir eldi. (sbr. málsháttinn: Hamra skaltu járneið meðan heitt er.) Þá var loks hægt að smíða úr járninu.

Silfur og brons í skartgripi hefur hins vegar verið innflutt til Íslands svo og skartgripirnir sjálfir. Slíkir gripir eyddust ekki við notkun á sama hátt og t.d. hnífar og skeifur. Fólk átti þá alla sína ævi og þeir erfðust kynslóð fram af kynslóð.

Spjaldvefnaður sjá t.d. <http://www.fva.is/harpa/sagnavefur/klaednadar/efni/spjaldvefnadar.html>

Hnefataflið sjá: <http://www.thjodminjasafn.is/syningar/sersyningar/gripur-manadarins/nr/3155>

Hnefatafl var einhvers konar tafl eða leikur en nú eru reglurnar ókunnar.

Líf víkinga – heimildarvinna

- Búin til upplýsingaspjöld um víkinga og líf þeirra. Bekknum skipt í 3–4 manna hópa, hver hópur á að vinna spjald um ákveðin atriði, s.s.
 - o Fatnaður: Efni, vinnsla, aukahlutir.
 - o Matur eftir árstíðum og aðferðir við að verka hann og vinna.
 - o Húsnæði fyrir menn og skepnur.
 - o Skepnuhald: Dagleg umhirða, nýting.
 - o Vinna eftir árstíðum, verkaskipting karla og kvenna, stráka og stelpna.
 - o Trúarbrögð og hátíðir.
 - o Ferðir og viðburðir, s.s. Alþingi.
 - o Leikir og daglegt líf krakka.

Hafa myndir (teikningar) og texta í bland á spjöldunum og vanda frágang. Þar sem hægt er má vel klippa út teikningar eða myndir úr blöðum eða tímaritum, s.s. af dýrum eða gömlum hlutum eins og orfi og ljá, drykkjarhorni eða þorramat.

LOK VÍKINGAALDAR

BLS. 47–48

Fjallað er um þær breytingar sem verða í Evrópu í lok víkingaaldar og áhrif hennar allt til þessa dags.

Áhrifamesta breytingin sem varð í samfélögum Evrópu er að kristni breiddist út og kirkjan varð völdug stofnun með mjög víðtæk áhrif. Henni fylgdi þekking í lestri og skrift en líka strangar reglur, t.d. um hegðun fólks, sem náðu inn í lög og ákvæði um refsingar þeirra sem taldir voru brotlegir. Sem dæmi má taka að á þjóðveldisöld tíðkuðust ekki formlegir dómur á Alþingi um líkamlegar refsingar eða dauða á Íslandi. Slíka dóma fékk fólk ekki fyrr en Jónsbók hafði verið lögtekin seint á 13. öld og þekktust síðan allt fram á 18. öld.


Umræða


- Hvort tókum við meira mark á skrifuðum reglum eða munnlegum?
- Hvorum er auðveldara að breyta?
- Stundum er gott að hafa ákveðnar, fastar reglur en stundum ekki, hvenær?
- Finnst okkur auðveldara að læra texta ef við getum sungið hann eða rappað?
- Getum við jafnvel lært að syngja texta sem við skiljum ekki, t.d. á erlendum málum?
- Höfum við t.d. einhvern tíma lært texta og sungið hann en ekki skilið hann fyrr en löngu seinna?
- Getur fólk sem ekki hefur völd samt haft áhrif? Hvernig?
- Nemendur eru ekki skólastjórar. Geta þeir samt haft áhrif á eitthvað í skólunum? Hvernig?

Tímalína – Verkefni

Umræðutími um það hvernig þjóðfélagið hefur breyst frá víkingaöld fram á þennan dag. Vita einhverjir um atburði í sögu Íslendinga sem urðu eftir víkingaöld? Þekkjja þeir t.d. þá konunga sem Ísland var undir, hvernig kristnin breytti samfélaginu smám saman, hvernig lífið var í gegnum aldirnar, sjálfstæðisbaráttuna? Búa til tímalínu, t.d. á töfluna, þar sem helstu umræðupunktur koma fram. Nemendur geta afritað tímalínuna í vinnubók hjá sér. Ekki er nauðsynlegt að hafa hlutföllin rétt innan línunnar eða vera með mjög nákvæmar tímasetningar, þessu er einungis ætlað að skapa umræður. Dæmi um tímalínu (hér eru ótal atriði sem gætu komið inn í og fer það eftir því hvað bekknum og kennurum finnst minnisvert eða merkilegt hvað sett er inn á): Rétt er að setja Sturlungaöld á undan Gamla sáttmála og síðari heimsstyrjöld á undan fyrsta forseta:

Ýmislegt hefur gerst á Íslandi frá víkingaöld og til okkar tíma.
Eftir hverju munum við?





VÍKINGAÖLD

Vinnublöð



NAFN: _____ BEKKUR: _____

FORNLEIFAR

Stafarugl og orðskýringar

Í kassanum eru sjö af þeim feitletruðu orðum sem koma fyrir á blaðsíðum 3–7 í námsbókinni. Finndu út hvaða orð þetta eru og notaðu svo orðskýringarnar á bls. 49 í bókinni til ljúka við að skrifa hvað þau þýða. Skrifaðu hvert orð rétt upp eftir bókinni, á línuna fyrir ofan skýringu þess.

luffægðoeirnfarri _____ uvlvö völvur gljrðöa _____ ðiesru _____
sföngybgða _____ gadreisluarn _____ lgörö _____

Mynda jarðveg og eru mismunandi að gerð t.d. _____

Finna út með vísindalegum aðferðum _____

Það sem gerist í lífi fólks og virðist vera _____

Þar sem gamlir hlutir úr hverri byggð eða _____

Konur sem sagt var að gætu _____

_____ Galdur eða _____

Einhver sem hefur lært að grafa upp gamla hluti og _____



UPPRUNI

Orðasúpa og stafrófið

Í orðasúpunni hér fyrir neðan koma fyrir 10 orð, lárétt og lóðrétt, sem eru á blaðsíðu 8 í námsbókinni. Gerðu hring um þau og skrifaðu þau síðan upp í stafrófsröð á línurnar fyrir neðan. Passaðu stafsetninguna.

R	Y	L	K	O	S	V	J	Ó	F	N	Í	Æ	G	R
M	Þ	Í	S	Ö	L	D	Ö	Ú	U	F	O	P	E	U
H	P	Ð	A	R	E	Ú	K	Þ	H	Ú	S	D	Ý	R
L	G	Æ	F	I	S	K	U	R	I	Á	Y	B	X	I
O	É	S	R	V	S	Ð	L	Þ	R	Æ	R	F	V	O
F	P	N	Í	T	Á	L	L	Ó	Ð	M	S	R	B	M
T	Y	T	K	B	V	E	I	Ð	I	M	E	N	N	Ý
S	D	H	A	J	L	N	N	R	N	V	X	E	B	U
L	É	K	A	L	T	F	N	Ú	G	S	D	V	I	P
A	H	I	P	O	M	V	E	I	J	R	Ó	N	F	Þ
G	D	X	Y	A	Ö	A	Þ	U	A	É	S	K	M	O
K	D	V	E	I	Ð	I	D	Ý	R	K	U	Ð	Æ	V

Teiknaðu mynd sem á við efni kaflans

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____

VÍKINGAÖLD

...?... Finndu orðið ...?...

Hvaða orð eiga að vera þar sem stóru spurningamerkin eru? Þú finnur réttu orðin á blaðsíðum 14 og 15 í námsbókinni. Hvert orð á að passa inn í dálkana sem gefnir eru. Til að hjálpa þér er einn stafur í hverju orði gefinn. Skreyttu svo blaðið með myndum af vopnum víkinganna eða öðru sem þér finnst eiga vel við efni kaflans.

1. Víkingaöld er tímabilið frá því um ...?... til um 1050.
2. Víkingar héldu að heiman til annarra landa til að öðlast frægð og ...?....
3. Þeir stunduðu ..?.. og strandhögg, stálu, eyðilögðu og drápu áður en þeir héldu heim á leið.
4. Stundum tóku víkingarnir óvopnað fólk með sér heim og gerðu að ...?... sínum.
5. Margir þeir sem við köllum víkinga voru bændur eða ...?...
6. Klaustur voru stofnuð víða í Evrópu þegar ...?... breiddist út.
7. Í mörgum klaustrum voru mikil ...?... og þess vegna sóttu víkingarnir í að ræna þau.
8. Margir sem ferðuðust á víkingatímanum fóru í ...?... en ekki bara til að rupla og ræna.
9. Sumir námu ný lönd og settust þar að með fjölskyldur sínar og ...?...
10. ...?... urðu stærri og betri með tímanum og því auðveldara að komast lengra að heiman.

1.					H														
2.					D														
3.					Á														
4.					U														
5.					A														
6.					T														
7.					M														
8.					K														
9.					N														
10.					I														

VÍKINGAR HERJUÐU VÍÐS VEGAR

Sóknarskrift í sætinu: Vopn víkinga og búnaður

Lestu leiðbeiningarnar á gráa hlutanum vel áður en þú byrjar og farðu eftir þeim!

1. Vopn víkinga voru sverð, axir, spjót og bogar.
2. Sverðin voru tvíeggja og fest við beltí eða axlaról.
3. Spjót voru úr járni og bæði var hægt að stinga með þeim og kasta þeim.
4. Bogar voru einu skotvopnin.
5. Í vopnin þurfti mikið járn.
6. Til að verja sig höfðu víkingar kringlóttá tréskildi.
7. Flestir víkingar voru með hjálma úr leðri og sumir voru í hringabrynjum.

Brjóttu þennan gráa hluta yfir allan textann í boxinu.

Færðu blaðið (gráa hlutann) alltaf niður um eina línu til að geta lesið textann í þeirri línu.

Leggðu á minnið það sem þú last og skrifaðu það á línurnar fyrir ofan boxið.

Gerðu eins við hverja línu en kláraðu hverja línu áður en þú byrjar á næstu.

Þetta er stafsetningaræfing. Þess vegna skaltu vanda þig við að skrifa öll orðin rétt!




Farðu yfir hverja línu og lagaðu stafsetninguna hjá þér þar sem þarf.


NORRÆN SAMFÉLÖG


Hvað segja rúnirnar við þig?

Orðið rún þýðir leyndardómur. Á víkingatímanum, áður en menn urðu kristnir, notaði fólk rúnir sem stafatákn og gat þannig skrifað með þeim. En rúnirnar voru líka notaðar til að öðlast þekkingu og vísu. Menn lögðu rúnir til að fá ráðleggingar og svör við ýmsum spurningum, svona eins og nokkurskonar spá. Rúnirnar voru þá tákn fyrir ákveðin atriði eins og heiðarleika, heilsu og dugnað. Hér fyrir neðan er merking nokkurra rúna skýrð.


Klipptu út rúnirnar, ruglaðu þeim og dragðu síðan þrjár. Hvað segja rúnirnar við þig? Teiknaðu rúnirnar sem þú dróst í kassana og skrifaðu merkingu þeirra í stóru kassana. Þú getur leyft öðrum að prófa líka.





 **Purs (P)**
Vertu ekki þrjósk/ur. Sættu þig við það sem þú getur ekki breytt. Sjáðu það góða í öllu.


 **Ás (A)**
Leitaðu þekkingar og menntunar. Vertu dugleg/ur við námið og jákvæð/ur.


 **Reið (R)**
Líf þitt verður ævintýrlegt og þú munt e.t.v. ferðast mikið. Vertu samt alltaf varkár.


 **Fé (F)**
Þú ert heppin/n og getur orðið rík/ur. En gættu þín að vera ekki gráðug/ur!


 **Björk (B)**
Ekki vera kærulaus. Vertu sjálfstæð/ur í hugsun og passaðu að aðrir ráðskist ekki með þig.

 **Sunna (S)**
Þú ert heppin/n og sigursæl/l í lífinu. Vandaðu þig við allt sem þú gerir.

 **Nauð (N)**
Vertu heiðarleg/ur. Sýndu fjölskyldu og vinum kærleika og góðmennsku.

 **Úr (U)**
Forðastu ofbeldi og notaðu styrk þinn frekar á jákvæðan hátt.

 **Týr (T)**
Forðastu óréttlæti og deilur. Berstu fyrir réttlæti og heiðarleika.

 **Ís (I/Í)**
Vertu gætin/n. Reyndu að vera skilningsrík/ur og sjá hlutina út frá mismunandi sjónarhornum.

NAFN: _____ BEKKUR: _____



HEIMKYNNI OG DAGLEGT LÍF

Dagur í lífi víkings

Skoðaðu vel teikningarnar á blaðsíðum 42 – 45 í námsbókinni. Hvað er fólk að gera? Hvaða fólk er þetta? Veldu þér eina eða fleiri persónur af myndunum og skrifaðu um líf hennar eða þeirra. Gerðu frásögnina lifandi með því að nota lýsingarorð við hæfi. Neðst á síðunni eru dæmi um ýmis lýsingarorð sem þú getur notað ef þú vilt. Þau eru öll í kvenkyni svo þú þarft að breyta þeim í samræmi við kyn þeirra orða sem þau standa með. Gefðu persónunni þinni eða persónum nafn og líka þeim dýrum sem koma e.t.v. við sögu í frásögninni. Mundu að velja nafn á söguna.

vöðvastælt fögur síðhærð þreytt gömul móð fúl skemmtileg þung súr mygluð góð stutt þæg óþekk heit vond lygin reið gráðug löt dugleg beitt hættuleg frísk viðbjóðsleg erfið síð furðuleg stór meinlaus rík fátæk döpur kát skítug hörð feit ung klikkuð mjúk óþægileg hrædd köld syfjuð auðveld veik lítil montin götött ríkmannleg lúmsk sköllótt mjó gul rauð græn blá svört hvít gyllt silfruð...



LOK VÍKINGAALDAR

Krossglíma

Í þessari krossglímu máttu bara nota orð sem þú finnur á blaðsíðum 47 og 48 í námsbókinni. Lestu vel leiðbeiningarnar hér fyrir neðan áður en þú byrjar.

- Þú færð 1 stig fyrir hvern staf ef orðið byrjar á staf sem er í krossglímuorðinu. Ef krossglímustafurinn er inni orðinu sem þú skrifar færðu 2 stig fyrir hvern staf!
- Hér er dæmi um stigagjöfina, áður en þú byrjar á þinni glímu. Krossglímuorðið hér er **STÍGUR**.

			S	Ó	L	
N	Ó	T	T	I	N	
		T	Í	M	I	
	S	E	G	U	L	L
			U	G	L	A
Á	R	A	R	N	A	R


3 stig (orðið **SÓL** byrjar á staf úr krossglímuorðinu)

12 stig (stafurinn í krossglímuni er inni orðinu: **NÓTTINN**)

Teldu/reiknaðu: Fyrir þessa litlu krossglímu alla fengjust _____ stig.

Gerðu nú krossglímuna hér fyrir neðan. Mundu að þú verður að nota orð sem þú finnur á bls. 47 og 48 í bókinni! Þegar þú hefur lokið glímuni telurðu stigin. Hversu mörg stig fékkstu fyrir glímuna?

Skráðu stigafjölda þinn



í hringinn

										V									
										Í									
										K									
										I									
										N									
										G									
										A									
										Ö									
										L									
										D									

VÍKINGAÖLD

Vinnubókarkorn



NAFN: _____ BEKKUR: _____

Bls. 3–7. Fornleifar

1. Hvers vegna er mikilvægt að ganga varlega um svæði þar sem finnast eldgamlir hluti sem gætu verið fornminjar?


2. Hverja á að láta vita ef fundist hefur hlutur sem gæti hugsanlega verið ævafor?

3. Hvers vegna er mikilvægt að láta vita af svona fornleifafundi?

4. Hverjir gætu unnið saman við að skoða fornminjar til að reyna að sjá hvað þær eru, frá hvaða tíma þær eru og til hvers þær voru notaðar? Merktu X við allt sem kemur til greina:

<input type="checkbox"/> Sagnfræðingar	<input type="checkbox"/> Bankastarfsmenn
<input type="checkbox"/> Rútubílstjórar	<input type="checkbox"/> Fornleifafræðingar
<input type="checkbox"/> Jarðfræðingar	<input type="checkbox"/> Sjúkraþjálfarar
<input type="checkbox"/> Eðlisfræðingar	<input type="checkbox"/> Efnafræðingar

Teiknaðu og litaðu mynd af hlutum sem gátu hafa verið notaðir á víkingaöld.



Bls. 8–13. Uppruni

5. Hvar í heiminum þróuðust nútímamennirnir? _____

6. Fólk dreifði sér um heiminn og fór sífellt norðar á bóginn eftir að ísöld lauk. Það þurfti að læra að lifa við kaldari aðstæður. Á hverju lifði fólk?ð?

7. Fólkið þurfti að komast yfir ár, vötn og höf þegar það ferðaðist um veröldina. Yfir langan tíma þróaði fólk stöðugt betri aðferðir til að ferðast á vatni. Merktu setningarnar hér fyrir neðan í númeraröð eftir því hvernig þróunin var:

_____ Fólk gerði sér báta úr sefi eða viði.

_____ Víkingar uppgötvuðu að með því að smíða kjöl á skipin urðu þau breiðari og rúmbetri, hraðskreiðari og stöðugri á sjónum. Þá var einnig var hægt að setja möstur á skipin svo seglin gátu verið stærri og skipin komist hraðar.

_____ Fólk gerði stærri báta og skip en áður.

_____ Fólk lærði að búa til segl og setja á skipin svo vindurinn gæti knúið þau áfram.

Teiknaðu og litaðu mynd af víkingaskipi á hafi úti.



Bls. 14–15. Víkingaöld

8. Hvað er tímabilið milli ára 800–1050 kallað? _____
9. Var allt fólk (konur, karlar og börn) á þessum tíma víkingar? _____
10. Hvað þýðir að „gera strandhögg?“ _____

11. Hvað gerðu víkingarnir oft við fólk sem þeir hittu á ferðum sínum en drápu ekki?

12. Hverjir bjuggu í klaustrum og hvers vegna vildu víkingar ræna klaustrin?

13. Hvaða ástæður gætu verið fyrir því að víkingarnir fóru til annarra landa til að versla, drepa fólk og ræna, eða til að búa þar? Merktu X við það sem gæti verið rétt:
- | | |
|---|---|
| _____ Til að verða ríkir | _____ Þeim leiddist heima hjá sér |
| _____ Þeir vildu verða voldugir | _____ Þeir vildu læra um önnur lönd |
| _____ Þeir vildu vera sjómenn | _____ Þeir vildu ekki hlýða lögum |
| _____ Þeir nenntu ekki að vinna | _____ Þeir voru allir vondir menn |
| _____ Það var ekki nógu mikið landsvæði fyrir búskap í landinu þeirra | _____ Þeir vildu ekki hlýða kónginum í sínu eigin landi |

Bls. 16–27. Víkingar herjuðu víðs vegar

14. Hvað þýðir orðið „víkingur“ á íslensku? _____

15. Hvað þýðir það að „fara í víking?“ _____

16. Teiknaðu og litaðu myndir af vopnum og herklæðum víkinganna. Nýttu þér lýsingu á vopnum og búningum á blaðsíðu 22 í námsbókinni:

Sverð

Spjót og exi

Víkingur í herklæðum

Skjöldur

Bogi



17. Víkingar höfðu hvorki landakort né GPS-tæki til að hjálpa sér á ferðalög-
um sínum. Hvaða ráð notuðu þeir til að rata?

18. Hvað þýðir það að vera „víðförull?“ _____

19. Hver er talin hafa verið víðförlasta kona heims á víkingatímanum?

Bls. 28–37. Norræn samfélög

20. Þegar litlar borgir fóru að myndast á Norðurlöndunum á víkingaöld fór
fólk að versla meira með alls kyns hluti. Nefndu nokkur dæmi um það
sem hægt var að kaupa og selja á mörkuðunum á þessum tíma:



21. Á Íslandi til forna var Alþingi haldið á hverju ári. Á hvaða árstíma var það og hvar var það haldið?

22. Hvað voru goðar? _____

23. Tengdu saman:

Goð	bjuggu í landinu og vörðu það
Gyðjur	óvinir goða og manna
Vættir	yfirnáttúrulegar verur
Dvergar	karlguðir
Landvættir	kvenvættir
Álfar	kvenguðir
Dísir	bjuggu í klettum og áttu gull
Jötnar	bjuggu í hólum og steinum

24. Veldu þér eitt goð og eina gyðju af blaðsíðu 33 í námsbókinni og teiknaðu og litaðu mynd af þeim eins og þú sérð þau fyrir þér. Skrifðu nöfn þeirra á myndina.



Bls. 38–46. Heimkynni og daglegt líf

25. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 39 í námsbókinni vel. Hvað er fólkið að gera?
Hvernig er inni í skálanum? Lýstu umhverfinu og athöfnum fólksins:

26. Hvað borðaði fólk og drakk á víkingaöld? Settu X við það sem kemur til greina:

___ pítstur

___ grjónagraut

___ súrt kjötmeti

___ þurrkaðan fisk

___ fuglajakjöt

___ flatbrauð

___ vatn

___ slátur

___ ost

___ mysu

___ djúpsteiktan fisk

___ smjör

___ egg

___ hamborgara

___ ávexti

___ skyr

___ mjólk

___ soðinn fisk

___ soðið kjöt

___ fiskisúpu

___ kökur

___ grös og ber

___ reykt kjöt

___ kartöflusalat

27. Úr hvernig efnum voru fötin sem venjulegt fólk á víkingaöld klæddist?

28. Nefndu nokkur störf sem karlar og konur unnu á víkingatímanum: _____

Konur sáu um _____

Karlar sáu um _____

Bls. 47–48. Lok víkingaaldar

29. Hvernig breyttist líf höfðingja þegar konungar fóru að leggja undir sig stór landsvæði í Evrópu? _____

30. Hvað breyttist þegar kristin trú tók að breiðast út og náði til þeirra svæða sem víkingarnir bjuggu helst á? _____

Gerðu teiknimyndasögu um dag í lífi stelpu eða stráks á þínum aldri, sem voru uppi á víkingaöld.



